

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1991

1. maí 1991

429

Nr. 217

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1991.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og heilsugæslustöðvum með lyfjasölu, og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1991, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldid er sem hér segir:

	Kr.		Kr.
I. flokkur	204 000	VI. flokkur	396 000
II. flokkur	180 000	VII. flokkur	283 000
III. flokkur	156 000	VIII. flokkur	204 000
IV. flokkur	121 200	IX. flokkur	51 600
V. flokkur	85 200		

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek

II. flokkur:

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Lyfjabúðin Íðunn
Keflavíkur Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Apótek Breiðholts
Garðs Apótek
Laugarnesapótek
Laugavegs Apótek
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgarness Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Lyfjaberg
Nesapótek, Seltjarnarnesi
Norðurbæjar Apótek

V. flokkur:

Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Ólafsvíkur
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek

Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:

Delta hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

VII. flokkur:

Ísteka hf.
Lyf hf.
Medico hf.

VIII. flokkur:

Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasía hf.
Gróco hf.
Austurbakki.

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1991. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er lögtakskrátt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Gudjón Magnússon.

ERINDISBRÉF

handa sóttvarnardýralækni Sóttvarnarstöðvar holdanauta í Hrísey.

1. gr.

Með vísan til 9. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, skal sóttvarnardýralæknir starfa við Sóttvarnarstöð holdanauta í Hrísey og skal hann haga störfum sínum samkvæmt ákvæðum sem hér greinir:

- a. Sóttvarnardýralæknir skal sjá um og vera ábyrgur fyrir því að öllum fyrirmælum um einangrun búfjár á stöðinni sé fylgt og að starfsemi þar fari í öllu fram í samræmi við ákvæði laga um innflutning búfjár og þær reglur, sem settar eru í samræmi við þau.
- b. Sóttvarnardýralæknir hefur á hendi faglega stjórn og yfirumsjón með rekstri stöðvarinnar í samráði við stjórn stöðvarinnar, undir yfirumsjón yfirdýralæknis f.h. landbúnaðarráðuneytisins. Hann skal gera fjárhagsáætlanir um rekstur stöðvarinnar og fá þær samþykktar af yfirdýralækni. Jafnframt skal sóttvarnardýralæknir gera yfirdýralækni grein fyrir öllum